

**Ed.**

## **679. Frumvarp til laga**

um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

### **1. gr.**

Frá 1. maí 1943 skal leggja undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur jarðirnar Elliðavatn og Hólm í Seltjarnarneshreppi ásamt lóðum og löndum, sem úr þeim hafa verið seldar, svo og spildu þá úr landi jarðarinnar Vatnsenda í sama hreppi, er bæjarstjórn Reykjavíkur kann að taka eignarnámi samkv. heimild í lögum nr. 57 4. júlí 1942. Enn fremur skal leggja undir lögsagnarumdæmið frá sama tíma jarðirnar Grafarholt, að svo miklu leyti, sem eignarnámsheimild 3. gr. tekur til, Gufunes, Keldur, Eiði, Knútskot, Korpúlfsstaði, Lambhaga, Reynisvatn og jarðarhlutann Hólmsheiði í Mosfellshreppi, ásamt öllum lóðum og löndum, sem seldar hafa verið úr þeim.

Frá 1. maí 1953 skal leggja undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur þann hluta Grafarholts, sem samkv. 1. mgr. fellur eigi nú þegar undir það.

### **2. gr.**

Frá 1. maí 1943 tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra þurfamanna, sem eru eða verða og framfærslurétt eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á löndum þeim, er um ræðir í 1. gr.

### **3. gr.**

Bæjarstjórn Reykjavíkur er fyrir 1. sept. 1943 heimilt, ef ekki næst samkomulag við eiganda Grafarholts fyrir 1. júní 1943 um kaup á jörðinni, að láta taka eignarnámi

jörðina Grafarholt í Mosfellshreppi, ásamt nýbýlinu Engi og þeim lóðum og löndum, er seld hafa verið úr landi jarðarinnar. Eignarnámið skal framkvæmt samkv. lögum nr. 61 14. nóv. 1917. Eignarnámsheimild þessi tekur þó ekki til þess hluta Grafarholtslands, sem er neðan við Vesturlandsbraut.

4. gr.

Fyrir árslok 1943 skulu fara fram endanleg fjárskipti milli Reykjavíkurbæjar og Seltjarnarneshrepps annars vegar og Reykjavíkurbæjar og Mosfellsahrepps hins vegar, þar á meðal væntanlegar skaðabótageiðslur til hreppanna.

5. gr.

Allar fjárgreiðslur samkv. lögum þessum, aðrar en endurgjald fyrir Grafarholt samkv. 3. gr., skulu ákveðnar af gerðardómi, og skal hann einnig skera úr öllum ágreiningi milli málsaðila út af lögum þessum. Gerðardóminn skipa 3 menn, er hæstiréttur nefnir til þess. Skal einn þeirra vera dómari í hæstarétti, og er hann formaður gerðardómsins. Kostnað við gerðardóminn greiðir Reykjavíkurbær eftir ákvörðun dómsins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.